



Borgarráð

***Tillaga um uppgjör vegna breytinga á A-deild Brúar lífeyrissjóðs***

Fjármála- og áhættustýringarsvið óskar eftir að borgarráð samþykki að ganga til uppgjörs við Brú lífeyrissjóð um greiðslur í jafnvægis- og varúðarsjóð vegna sjálfstætt starfandi skóla Hjallastefnunnar sem starfa innan Reykjavíkur. Um hlutfallslega greiðslu er að ræða á móti þeim sveitarfélögum sem starfrækja sérskóla Hjallastefnunnar (19,5% hlutur Reykjavíkurborgar). Hefur Brú lífeyrissjóður lagt til að sjóðurinn afskrifi nefndar greiðslur vegna annarra sjálfstætt starfandi leikskóla í Reykjavík ef samkomulag náist um uppgjör.

Einnig er óskað eftir að sömu gjöld verði greidd fyrir sjálfstætt starfandi tónlistarskóla í Reykjavík. Um einskíptis greiðslu er að ræða í fyrrnefnda sjóði og fullnaðaruppgjör af hálfu Reykjavíkurborgar náist samkomulag um að ljúka málinu með þeim hætti sem nánar er tilgreint í greinargerð með þessari tillögu. Heildarfjárhæð til greiðslu vegna Hjallastefnunnar og tónlistarskólanna er 60.477.694 kr.

*Halldóra Káradóttir*

Sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs